

## ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 17. febrúar 1998

um breytingu á ákvörðun 93/70/EBE um skráningarkerfi fyrir Animo-tilkynningar, þannig að hún taki til tiltekinna úrgangsefna frá spendýrum

(Texti sem varðar EES)

(98/168/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins 90/425/EBE frá 26. júní 1990 um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan bandalagsins með tiltekin dýr á fæti og afurðir til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 92/118/EBE <sup>(2)</sup>, einkum 3. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Til að Animo-tilkynningar séu auðskildar eru skráningarnúmer dýra og dýraafurða fastsett í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/70/EBE <sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með ákvörðun 97/628/EB <sup>(4)</sup>.

Með ákvörðun 97/735/EB frá 21. október 1997 <sup>(5)</sup> setti framkvæmdastjórnin ný ákvæði um viðskipti með tiltekin úrgangsefni frá spendýrum. Einkum ber útflutnings- og viðtökuaðildarríkjunum að tilkynna hvert öðru um eðli og viðtökustað vara með því að nota Animo-tölvukerfið.

Í þessu skyni verður að breyta skráningarkerfinu sem er notað fyrir lifandi dýr og dýraafurðir til að hafa þær afurðir með sem falla undir nýju ákvæðin.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

*I. gr.*

Viðaukanum við ákvörðun 93/70/EB er breytt sem hér segir:

1. Í stað 12. liðar kafla I.3 í I. bálki, „AFURÐIR ÚR DÝRARÍKINU“, komi eftirfarandi:

	1	2	3
<p>12 Unnið dýrapróttín, einnig til notkunar í fóður (mjöl og hamsar) — Gæludýrafóður</p> <p>01 Spendýrapróttín til notkunar í dýrafóður, unnið í samræmi við viðaukann við ákvörðun 96/449/EB</p> <p>01 — Kjötmjöl og mjöl úr beinum 47010101000000</p> <p>02 — Blóðmjöl 47010103000000</p> <p>03 — Beinamjöl 47010104000000</p> <p>02 — Mjöl úr hornum 47010105000000</p> <p>02 — Mjöl úr hófum og klaufum 47010106000000</p> <p>06 — Þurrkaðir hamsar 47010108000000</p> <p>07 — Blöndur úr þessu mjöli 47010199000000</p>			

<sup>(1)</sup> Stjtuð. EB L 224, 18. 8. 1990, bls. 29.

<sup>(2)</sup> Stjtuð. EB L 62, 15. 3. 1993, bls. 49.

<sup>(3)</sup> Stjtuð. EB L 25, 2. 2. 1993, bls. 34.

<sup>(4)</sup> Stjtuð. EB L 261, 23. 9. 1997, bls. 1.

<sup>(5)</sup> Stjtuð. EB L 294, 28. 10. 1997, bls. 7.

	1	2	3
02 Spendýrapróttín, ekki til notkunar í fóður			
01 — Kjötmjöl og mjöl úr beinum	47010301		D4
02 — Blóðmjöl	47010303		D4
03 — Beinamjöl	47010304		D4
04 — Mjöl úr hornum	47010305		D4
05 — Mjöl úr hófum og klaufum	47010306		D4
06 — Purrkaðir hamsar	47010308		D4
07 — Blöndur úr þessu mjöli	47010399		D4
03 Unnið dýrapróttín úr öðrum tegundum en spendýrum, til notkunar í fóður			
01 — Fiskimjöl	47010102000000		
02 — Kjötmjöl og mjöl úr beinum, unnið úr úrgangi alifuglakjöts	47010109000000		
03 — Mjöl úr fjöðrum	47010107000000		
04 — Blöndur úr þessu mjöli	47010499000000		
04 Gæludýrafóður			
01 — Fryst, ekki hitameðhöndlað	47010201000000		
02 — Niðursoðið (hitameðhöndlun $F_0 \geq 3,00$ )	47010202000000		
03 — Blaufóður	47010203000000		
04 — Purrfóður	47010204000000		
05 — Úr unnum skinnum	47010205000000“		

## 2. Í III. bálki:

— Í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:

**„Skrá um fyrirhugaða notkun á lifandi dýrum, sæði, eggjum og fósturvísnum, svo og afurðum úr dýraríkinu“,**

— Nýr liður, D4, bætist við:

„ <b>D4</b> „	01	Notist ekki sem fóður — eingöngu notað til brennslu eða sem eldsneyti
	02	Notist ekki sem fóður — eingöngu notað til vinnslu“

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. febrúar 1998.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Franz FISCHLER

*framkvæmdastjóri.*